

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi og sú hættu fyrir hendi, að kærði spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi.

Þykir rétt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 7. ágúst 1984, kl. 17:00.

Mánudaginn 13. ágúst 1984.
Nr. 146/1984. Ákærvaldið
gegn
Sigurði Hauki Engilbertssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. þ.m., er barst Hæstarétti 9. þ.m., og gert þá kröfu, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 8. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, Sigurði Hauki Engilbertssyni, Bás-enda 2, Reykjavík, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald 26. júlí sl., verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram til miðvikudagsins 29. ágúst 1984, kl. 17:00, en gæsluvarðhald hans rann út í dag kl. 17:00.

Málavextir.

RLR hefur að undanfögnu unnið að rannsókn á óheimilli töku bankabóka og annarra verðmæta úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Rannsóknin hefur leitt í ljós, að teknað hafa verið út af þessum bankabókum með sviksamlegum hætti samtals 1.395.000 krónur á tímabilinu frá 9. febrúar sl. til 2. júlí. Vegna rannsóknar málsins voru Ingólfur Sigurð yngri og Kristján Aðalsteinsson úrskurðaðir í gæsluvarðhald, sem þeir sæta enn. Ingólfur hefur viðurkennt að hafa stolið fyrrgeindum verðmætum af skrifstofu borgarfégetaembættisins, og þeir Kristján hafa báðir játað að hafa tekið fé út af bankabókunum, en auk þeirra hafa tveir menn játað aðild að úttektunum. Mikils misræmis gætir þó í framburði Ingólfs og Kristjáns um það, hvað varð af fénu.

Kærði stofnaði til verulegra skulda á síðasta ári til þess að fjármagna fíkniefnakaup, sem hann stóð að ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni. Vegna rannsóknar þess máls sætti hann gæsluvarðhaldi frá 29. nóvember 1983 til 2. febrúar 1984. Þegar hann var látinn laus, skuldaði hann á fimmta hundrað þúsund krónur, en kveðst nú hafa greitt þar af um 215.000—220.000 kr. Samkvæmt gögnum málsins greiddi hann m.a. fjórum sinnum 45.000 kr. upp í fjárkröfur, sem voru til innheimtu hjá lögmönnum í Reykjavík, sama dag eða fáum dögum eftir að tekið var fé út af framan- greindum bankabókum. Greiðslur þessar innti hann af hendi á tímabilinu frá 10. febrúar sl. til maíloka. Á sama tímabili fékk hann greiddar 27.100 kr. í laun frá vinnuveitanda sínum. Þá átti hann um 60.000 kr., sem var söluandvirði bifreiðar, en hafði auk þess tekjur af innflutningi, fékk greiddar útistandandi skuldir og fékk að láni samtals um 125.000—150.000 kr. Tveir þeirra manna, sem kærði kveður hafa greitt sér skuldir, hafa ekki kannast við það. Hins vegar ber kærða og Ingólfi Sigurð saman um, að Ingólfur hafi greitt honum 20.000 kr. skuld 9. febrúar sl.

Enginn þeirra, sem játað hafa aðild að töku fjárisins út af bankabókunum, hefur borið um aðild kærða að því. Á hinn bóginn leikur grunur á, að kærði hafi notið þessa fjár að einhverju leyti, þegar litið er til þess, hvenær

tekið var út af bankabókunum og hvenær kærði innti af hendi greiðslur til lögmannanna. Kærði hefur borið, að hann þurfi lítið fé til að framfleyta sér, þar sem hann hafi húsnæði og fái flestar máltíðir endurgjaldslaust.

Ingólfur Sigurz hefur einnig borið við yfirheyrslur, að kærði hafi selt honum fíkniefni á margnefndu tímabili fyrir um 40.000—50.000 kr.

Kærði, sem grunaður er um aðild að framanlýstum brotum og um brot gegn lögum nr. 65, 1974, hefur neitað öllum sakargiftum og mótmælir gæsluvarðhaldskröfunni harðlega.

Í greinargerð með gæsluvarðhaldskröfunni eru brot þau, sem kærði er grunaður um, talin varða við 155. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga, en eftir að kærða var kynnt krafan í dag, óskaði rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þess, að við úrskurð um kröfuna yrði einnig litið til laga um ávana- og fíkniefni, þar sem kærði væri einnig grunaður um brot gegn þeim lögum. Af hálfu kærða er þessu mótmælt sérstaklega. Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. lög nr. 107, 1976, er ekkert því til fyrirstöðu að verða við ósk RLR í þessu efni.

Svo sem að framan greinir, hefur ekki fengist staðfest í öllum atriðum frásögn kærða um tekjur hans, en sum atriði í framburði hans eru enn ókönnuð. Rétt hefði verið að hraða frekar en gert var rannsókn á fjárreiðum kærða umrætt tímabil.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir ekki verða hjá því komist að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt til miðvikudagsins 15. ágúst nk., kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Haukur Engilbertsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 15. ágúst 1984, kl. 17:00.